

Sjálfsmatsskýrsla

Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri

2019-2020



Efnisyfirlit

1.0 Inngangur.....	4
2.0 Forsendur innra mats.....	4
2.1. Lagalegur grunnur.....	4
2.2 Markmið.....	4
2.3 Framkvæmd	4
2.4. Áætlun um innra mat Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri	4
3.0 Niðurstöður nemendakönnunar.....	5
3.1 Virkni nemenda í skólanum	5
3.1.1 Úrbótaáætlun í tengslum við virkni nemenda.....	7
3.2 Líðan og heilsa	7
3.2.1 Úrbótaáætlun í tengslum við líðan og heilsu nemenda	9
3.3 Skóla- og bekkjarandi.....	10
3.3.1 Úrbótaáætlun í tengslum við skóla- og bekkjaranda.....	10
3.4 Samantekt úr opnum svörum nemenda.....	11
3.4.1 Umbótaáætlun í tengslum við það sem betur má fara að mati nemenda.....	11
4.0 Niðurstöður foreldrakönnunar	12
4.1 Nám og kennsla	12
4.1.1 Úrbótaáætlun í tengslum við nám og kennslu	17
4.2 Velferð nemenda	17
4.2.1 Úrbótaáætlun í tengslum við vellíðan nemenda	21
4.3 Aðstaða og þjónusta	21
4.3.1 Úrbótaáætlun í tengslum við aðstöðu og þjónustu.....	22
4.4 Foreldrasamstarf.....	22
4.4.1 Úrbótaáætlun í tengslum við foreldrasamstarf.....	24
4.5 Heimastuðningur	24
4.5.1 Úrbótaáætlun í tengslum við heimastuðning.....	25
5.0 Ytra mat	25
5.1 Stjórnun og fagleg forysta.....	25
5.2 Nám og kennsla	26
5.3 Innra mat.....	26
5.4 Skóli án aðgreiningar	26
6.0 Samantekt	26

1.0 Inngangur

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri (BES) skiptist í tvær starfsdeildir, 7. - 10. bekkur eru staðsettir á Eyrarbakka en 1. - 6. bekkur eru staðsettir á Stokkseyri. BES er einsetinn heildstæður skóli með u.þ.b. 140 nemendur í upphafi skólaárs 2019 og svipaðan fjölda nemenda að vori 2020. Nemendur koma úr þéttbýliskjörnum Eyrarbakka og Stokkseyrar ásamt nálægu dreifbýli. Í þessari skýrslu verður greint frá niðurstöðum í Skólapúlsinum 2019-2020 og þeim þróunar og umbótaverkefnum sem voru í gangi á skólaárinu 2019-2020.

2.0 Forsendur innra mats

2.1. Lagalegur grunnur

Í lögum um grunnskóla nr. 98/2008 er í kafla VII, 36. gr. kveðið á um að hver grunnskóli meti með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Þetta er gert með innra mati á hverju ári.

2.2 Markmið

Markmið með mati á skólastarfi samkvæmt 35. gr. laga um grunnskóla er að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árgangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
- auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

2.3 Framkvæmd

Innra mat skólans byggir aðallega á niðurstöðum úr könnunum Skólapúlsins. Lagðar eru kannanir fyrir nemendur, starfsmenn og foreldra einu sinni á ári. Í kjölfarið er gerð úrbótaáætlun sem unnið er markvisst eftir.

2.4. Áætlun um innra mat Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri

Áætlun um innra mat og umbætur er gerð til þriggja ára í senn. Hér má sjá áætlun um gagnaöflun innra mats til 2022. Umbótaáætlun í heild sinni má sjá í starfsáætlun skólans og í lok hvers kafla í þessari skýrslu.

Innra mat	2019-2020	2020-2021	2021-2022
Unnið með niðurstöður sjálfsmats fyrri ára	x	x	x
Skólapúlsinn lagður fyrir nemendur í 6.-10. bekk	x	x	x
Skólapúlsinn lagður fyrir starfsfólk og foreldra	x	x	x

Ungt fólk (Rannsóknir og greining)	x	x	x
------------------------------------	---	---	---

3.0 Niðurstöður nemendakönnunar

Nemendur í 6. - 10. bekk svöruðu spurningalista Skólapúlsins í október 2019. Af 65 nemendum voru 56 nemendur sem svöruðu eða 86,2%. Hér í næstu köflum verður farið yfir helstu niðurstöður, breytingar frá fyrri árum og hvernig BES sker sig frá samanlagðri útkomu allra skóla sem tóku þátt. Lögð verður áhersla á að skoða þá þætti þar sem niðurstöður BES skera sig frá niðurstöðum heildarinnar. „Munur uppá 0,5 stig telst ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur. “

Viðhorf nemenda má sjá betur í myndunum í undirköflum 3. kafla, sem svör við spurningum sem mynda matsþátt. Sérstök áhersla er lögð á þau svör sem bera með sér tölfræðilega marktækan mun á dreifingu skv. kí-kvaðrat-prófi.* Hver liður hefur ákveðna matsþætti og hver matsþáttur er metinn eftir svörum nemenda við fjölmörgum spurningum.

3.1 Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir þessa liðs eru ánægja af lestri, þrautseigja í námi, áhugi á stærðfræði, ánægja af náttúrufræði, trú á eigin vinnubrögð í námi og trú á eigin námsgetu. Nemendur BES eru í flestum tilfellum rétt fyrir neðan meðaltal í þessum flokki miðað við landsvísu. Marktækur munur er mældur á BES og landsmeðaltali sambærilegra skóla hvað varðar áhuga fyrir stærðfræði, trú á eigin vinnubrögð í námi og trú á eigin námsgetu. Munurinn er þó ekki mikill samkvæmt skilgreiningu í kafla 3.0.

1. Virkni nemenda í skólanum


Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,4	56	0,2	4,7	14.969	-0,3
1.2. Þrautseigja í námi	4,4	56	-0,1	4,8	15.011	-0,4
1.3. Áhugi á stærðfræði	4,4	56	-0,4	5,0	15.274	-0,6*
1.4. Ánægja af náttúrufræði	4,6	56	0,2	4,8	15.270	-0,2
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,2	56	-0,1	4,8	15.026	-0,6*
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,1	56	0,1	4,7	15.263	-0,6*

■ Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri

■ Landið

Áhugi á stærðfræði:


1.3.3 Ég sinni stærðfræðináminu vegna þess að mér finnst gaman í stærðfræði*




Trú á eigin vinnubrögð í námi:

Hversu vel treysti ég mér til að geta eftirfarandi?

1.5.1 Alltaf einbeitt mér að námsefninu í kennslustundum*




1.5.2 Skrifað hjá mér góða minnispunkta í kennslustundum*



Trú á eigin námsgetu:

Hversu vel treystir þú þér til að geta eftirfarandi?

1.6.1 Lært íslensku*



3.1.1 Úrbótaáætlun í tengslum við virkni nemenda

Bundin er von við að aukin teymiskennsla í stærðfræði og íslensku ásamt auknum stuðningi við nemendur geti haft jákvæð áhrif þegar horft er til framtíðar. Þá er það einnig markmið að bæta bókakost skólans til að freista þess að auka lestur nemenda á unglingastigi. Á skólaárinu 2019-2020 var ráðinn starfsmaður til að sinna nemendapjónustu (frá 4. nóvember 2019) þar sem ekki náðist að manna stöðu náms- og starfsráðgjafa. Starfsmaðurinn sinnti einstaklingsviðtölum ásamt því að kenna námstækni á unglingastigi og halda utan um kynningu á námi fyrir tilvonandi útskriftarefni vorið 2020.

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat
Að auka ánægju af lestri	Finna lestrarefni eftir áhugasviði hvers nemanda. Endurskoða lestrarstefnu skólans.	Umsjónarkennarar, teymi, skólastjórnendur og heimilin.	2020	Aldrei	Skólapúls Skimanir
Að auka þrautseigju í námi	Námslegur stuðningur m.a. með teymiskennslu og sérsniðinni eflingu.	Umsjónarkennarar, stoðþjónusta, Náms- og starfsráðgjafi, skólastjórnendur og heimilin.	2020	Aldrei	Skólapúls
Að auka áhuga á stærðfræði	Fjölbreyttari verkefni og námsmat	Umsjónarkennarar, teymi, stoðþjónusta, skólastjórnendur og heimilin.	2020	Aldrei	Skólapúls
Að efla trú á eigin vinnubrögð í námi	Námsráðgjöf fyrir nemendur	Náms- og starfsráðgjafi, teymin, skólastjórnendur og heimilin.	2020	Aldrei	Skólapúls
Að efla trú á eigin námsgetu	Námslegur stuðningur m.a. með teymiskennslu og sérsniðinni eflingu	Náms- og starfsráðgjafi, teymin, skólastjórnendur og heimilin.	2020	Aldrei	Skólapúls


3.2 Líðan og heilsa

Matsþættir þessa liðs eru sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, vellíðan, áhyggjur og stress, einelti, tíðni og staðir eineltis, tíðni hreyfingar og hollt mataræði.


2. Líðan og heilsa

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	4,4	56	-0,1	4,5	14.993	-0,1
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,7	56	-0,1	4,6	14.973	0,1
2.3. Vellíðan	4,6	56	-0,1	4,6	15.203	0,0
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	13	-	-	-	-
2.5. Einelti	5,6	56	0,7	5,4	15.178	0,2
2.6. Tíðni eineltis	25,0%	14 _{/56}	14,3%	12,5%	1915 _{/15123}	12,5%*
2.7. Staðir eineltis	-	12	-	-	-	-
2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	38,9%	21 _{/54}	1,7%	45,6%	6657 _{/14780}	-6,7%
2.9. Hollt mataræði	4,0	56	-0,2	4,7	14.912	-0,7*

Sjálfsálit nemenda í BES er lítillega undir því sem það er á landsvísu, stjórn á eigin líðan lítillega yfir, vellíðan eins og meðaltal á landsvísu, einelti lítillega yfir en það sem vekur athygli er að tíðni eineltis er 12,5% yfir því sem það mælist á landsvísu og það teljum við í BES vera háalvarlegt mál. Einelti meðal nemenda BES virðist að stærstum hluta eiga sér stað utan skóla en telst alvarlegt engu að síður. Nemendur virðast hreyfa sig nokkuð minna en nemendur sambærilegra skóla á landsvísu og mataræði þeirra er marktækt ekki eins hollt og á landsvísu.




2.6. Tíðni eineltis – Ársmeðaltöl



Myndin sýnir breytingar á útkomu skólans á milli ára í samanburði við þróunina á landinu í heild.

Eins og sjá má á þessari mynd var töluverður munur á tíðni eineltis milli skólaáranna 2018-2019 og 2019-2020. Síðara skólaárið er einelti töluvert meira og gagnlegt væri að rýna í ástæðurnar ef mögulegt er.

2.9. Hóllt mataræði – Röðun*



3.2.1 Úrbótaáætlun í tengslum við líðan og heilsu nemenda

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat
Að efla sjálfsálit/sjálfsstrau st nemenda.	Nýta stefnu skólans og nota eflandi kennsluhætti.	Allir starfsmenn, skólastjórnendur og heimilin.	2020	Aldrei	Skólapúls Skimanir.
Að draga úr kvíða og streitu nemenda.	Með öflugri nemendajónustu og samstarfi við heimilin.	Umsjónarkennarar, teymi, náms- og starfsráðgjafi, skólastjórnendur og heimilin.	2020	Aldrei	Skólapúls Skimanir
Að draga úr einelti.	Með fræðslu og með því að taka á	Náms- og starfsráðgjafi,	2020	Aldrei	Skólapúls

	eineltismálum sem upp koma.	skólastjórnendur og heimilin. Samskiptateymið			
--	-----------------------------	---	--	--	--

3.3 Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir þessa liðs eru samsömun við nemendahópinn, samband nemenda við kennara, agi í tímum, virk þátttaka nemenda í tímum og tíðni leiðsagnarmats.

3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	4,9	56	-	5,0	14.909	-0,1
3.2. Samband nemenda við kennara	4,6	56	-0,3	4,9	15.134	-0,3*
3.3. Agi í tímum	4,7	56	-0,2	4,9	15.129	-0,2
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	5,0	56	0,1	5,1	15.102	-0,1
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	5,4	56	-	5,0	15.089	0,4

Það er ekki teljandi munur á milli nemenda BES og nemenda í sambærilegum skólum á landsvísu hvað þessa þætti varðar. Marktækur munur er á sambandi nemenda við kennara en aðrir þættir eru lítillega undir meðaltali. Leiðsagnarmat fær hærri einkunn í BES en á landsvísu en í því felst að nemendur BES fá meiri endurgjöf frá kennurum sínum um nám sitt og færni.

3.3.1 Úrbótaáætlun í tengslum við skóla- og bekkjaranda

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat
Að auka samsömun í bekkjum.	Nýta teymiskennslu til að búa til fjölbreyttari hópa. Fræðsla um fjölbreytileika	Allir kennarar, starfsmenn, skólastjórnendur og heimilin.	2020	Aldrei	Skólapúls Skimanir.
Að efla samband nemenda og kennara.	Nýta einkunnarorð skólans. Gera bekkjarsáttmála. Efla traust og virðingu með fræðslu.	Umsjónarkennarar, teymi, náms- og starfsráðgjafi, skólastjórnendur og heimilin.	2020	Aldrei	Skólapúls
Að efla jákvæðan aga í tímum.	Nýta einkunnarorð skólans. Gera bekkjarsáttmála. Fræðsla um jákvæða eflingu.	Umsjónarkennarar, teymi, náms- og starfsráðgjafi, skólastjórnendur og heimilin.	2020	Aldrei	Skólapúls
Að efla leiðsagnarmat.	Fræðsla um leiðsagnarmat fyrir kennara og nemendur. Setja inn vörður yfir	Stjórnendur og allir kennarar.	2020	Aldrei	Skólapúls

	skólaárið þar sem nemendur fá formlegt leiðsagnarmat.				
--	---	--	--	--	--

3.4 Samantekt úr opnum svörum nemenda

Þegar nemendur voru beðnir að lýsa því sem þeim finnst sérstaklega gott við skólann voru 47 sem svöruðu spurningunni. Svörin hafa verið dregin saman og þá má sjá hvað nemendum þykir þægilegt hvað skólinn er lítill og allir þekki alla. Mjög margir nemendur hafa það að orði að kennararnir séu góðir og veki áhuga á náminu, nemendum sé sýndur áhugi og að öll vandamál leysist fljótt og örugglega. Nokkrir nefna íþróttir og frímínútur sem sérstaklega góða þætti í skólanum. Aðrir nefna að þeir eigi góða vini og að flestir séu mjög vingjarnlegir. Það er ánægja með körfuboltavöllinn og borðtennisborðið sem staðsett er á unglingastigi. Þegar nemendurnir voru hins vegar spurðir hvað þeim þætti slæmt eða mætti betur fara þá voru 12 af 47 sem nefndu matinn í mötuneyti skólans. Nemendum þykir maturinn ekki nægilega hollur og ekki góður en þar er fiskurinn sérstaklega nefndur. Örfáir svara því til að það sé allt slæmt við skólann en mun fleiri segja að ekkert sé það. Eins og fram kom í kafla 3.2 er tíðni eineltis nokkuð mikið við BES og svör nemenda styðja þann lið en mörg tala um slæm samskipti, það sé oft fíflangangur sem erfitt sé að greina hvort sé alvara eða ekki, það sé mikil stríðni innan hópsins og að talað sé illa um “öðruvísi fólk”. Hávaði í kennslustundum er nefndur og að það megi bregða út af bóknámi með verklegum æfingum og áhorfi á heimildamyndir. Þá voru nokkrir sem höfðu það að orði að ekki allir kennarar væru nægilega góðir og að samvinna milli kennara og foreldra mætti bæta. Þá komu hugmyndir um að bæta þyrfti við sófum í alrými skólans og kaupa þægilegri stóla í tölvuver.

3.4.1 Umbótaáætlun í tengslum við það sem betur má fara að mati nemenda

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat
Að virkja betur nemendaráðið.	Að fulltrúar nemendaráðs kalli eftir umræðuefni á fundi nemendaráðsfrá samnemendum.	Stjórnendur, umsjónarmaður nemendaráðs, nemendaráð.	2020	Aldrei	Skólapúls
Að halda formleg nemendaping reglulega um skólamál með nemendum. (Þjóðfundastíll)	Skipuleggja nemendaping 1-2 á ári.	Skólastjórnendur	2020	Aldrei	Skólapúls

Að gæta að hollustu í mótuneyti og gæðum hráefnis.	Skoða matseðla, fara yfir innkaup og ræða við matráð.	Skólastjórnendur	2020	Aldrei	Skólapúls
--	---	------------------	------	--------	-----------

4.0 Niðurstöður foreldrakönnunar

Foreldrakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir foreldra barna á öllum aldurstigum BES í febrúar 2020. Heildarfjöldi foreldra í úrtakinu voru 131 en 104 svöruðu könnuninni eða 79,4%, þar af voru 41,3% karlar og 58,7% konur. Í næstu köflum verður farið yfir helstu niðurstöður og metið hvort BES skeri sig úr hvað varðar álit foreldra að meðaltali í sambærilegum skólum á landsvísu. Í foreldrakönnuninni voru eftirfarandi liðir metnir með misjöfnum matsþáttum; Nám og kennsla, Velferð nemenda, Aðstaða og þjónusta, Foreldrasamstarf, Heimastuðningur og svo var gefinn kostur á opnum svörum við þremur spurningum.


4.1 Nám og kennsla

Í myndinni hér fyrir neðan má sjá matsþætti þessa liðs. Það er sláandi að í öllum liðunum gefa foreldrar BES matsþáttum lægri einkunn en foreldrar á landsvísu í sambærilegum skólum. Það þýðir þó ekki að allt sé ómögulegt innan BES en taka verður alvarlega að heilt yfir virðast foreldrar BES þó óánægðari en foreldrar annarra sambærilegra skóla á landsvísu.

1. Nám og kennsla

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	4,0	68	-0,7	5,2	2.573	-1,2*
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun skólans	70,3%	45 _{/64}	-4,3%	92,5%	2236 _{/2405}	-22,2%*
1.3. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra	75,8%	50 _{/66}	-4,5%	85,3%	2150 _{/2506}	-9,5%*
1.4. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	58,7%	37 _{/63}	-5,4%	72,6%	1794 _{/2397}	-13,9%*


1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum – Ársmeðaltöl




Myndin sýnir ársmeðaltöl skólans samanborið við landsmeðaltal hvers starfsárs. Rauða línan sýnir landsmeðaltal og græna línan sýnir meðaltal skólans á kvarðanum. Hátt gildi á kvarðanum sýnir að viðkomandi þáttur er sterkt einkenni foreldra í skólanum. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Hér fyrir neðan má sjá svör foreldra við spurningum sem mynda matsþátt 1.1 í Nám og kennsla; *Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum.*


1.1.1 Flestir kennararnir virðast hæfir og metnaðarfullir*




1.1.2 Ég er almennt ánægð(ur) með kennsluáðferðirnar sem notaðar eru í skólanum*




1.1.3 Ég er ánægð(ur) með hvernig tekið er á agavandamálum í skólanum*




1.1.4 Skólinn veitir reglulega gagnlegar upplýsingar um námsárangur nemenda



1.1.5 Skólinn stendur sig vel í að mennta nemendur*




1.1.6 Námslegum þörfum nemenda er mætt*




Af myndunum hér fyrir ofan sést að stór meirihluti foreldra er mjög sammála eða frekar sammála fullyrðingum allra spurninganna sem er jákvætt en sé miðað við landsvísu eru þó fleiri foreldrar í BES sem svara frekar ósammála eða ósammála sem skýrir marktækan mun milli skóla.

Hér fyrir neðan má sjá svör foreldra við spurningu sem myndar matspátt 1.2 í Nám og kennsla; *Ánægja foreldra með stjórnun skólans.*




Myndin sýnir þróun skólans á milli ára samanborið við niðurstöðu hvers starfsárs á landinu í heild. Rauða línan sýnir landsmeðaltal og græna línan sýnir meðaltal skólans.



Eins og sést af þessari mynd þá finnst 70% svarenda skólanum mjög vel eða frekar vel stjórnað en u.þ.b. 30% frekar illa eða mjög illa stjórnað.


Matsþátturinn hæfileg þyngd námsefnis í skólanum af mati foreldra gefur 9,5% mismun við svör foreldra á landsvísi. Hér fyrir neðan má sjá svör foreldra við spurningu sem myndar matsþátt 1.3 í Nám og kennsla; *Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra.*

1.3. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra – Ársmeðaltöl




Myndin sýnir þróun skólans á milli ára samanborið við niðurstöðu hvers starfsárs á landinu í heild. Rauða línan sýnir landsmeðaltal og græna línan sýnir meðaltal skólans.

1.3.1 Telur þú að verkefnin sem barnið fær í skólanum séu of þung, hæfileg eða of létt?




75,8% foreldra í BES telja námsefnið hæfilegt, 19,7% telja efnið of létt eða alltof létt en 4,5% telja efnið of þungt.

1.4. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra – Ársmeðaltöl



Myndin sýnir þróun skólans á milli ára samanborið við niðurstöðu hvers starfsárs á landinu í heild. Rauða línan sýnir landsmeðaltal og græna línan sýnir meðaltal skólans.

1.4.1 Mér finnst agi í skólanum vera...*



Hér svara 58,7% foreldra í BES að agi í skólanum sé hæfilegur en 39,7% foreldra segja hann of lítinn. Þetta er punktur sem stjórnendur þurfa að taka föstum tókum ásamt því að álit foreldra í öllum matsþáttum virðist vera að fara niður á við.

4.1.1 Úrbótaáætlun í tengslum við nám og kennslu

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat
Að efla ánægju foreldra með nám og kennslu.	Upplýsa foreldra betur um nám og kennslu barna þeirra. Hafa foreldra með í ráðum.	Skólastjórnendur, teymi og stoðþjónusta.	2020	Aldrei	Skólapúls
Að auka traust til stjórnenda skólans.	Upplýsa foreldra vel um það sem er á döfinni hverju sinni. Bregðast hratt og örugglega við erindum foreldra.	Stjórnendur	2020	Aldrei	Skólapúls
Að efla jákvæðan aga í skólanum.	Námskeið fyrir starfsfólk. Námskeið fyrir foreldra. Bekkjarsáttmálar. Einkunnarorð skólans. Skólareglur	Umsjónarkennarar, teymi, stoðþjónusta, skólastjórnendur og heimilin.	2020	Aldrei	Skólapúls


4.2 Velferð nemenda

Í þessum lið er fjallað um velferð nemenda og viðhorf/ánægju foreldra af ákveðnum matsþáttum. Það er ánægjulegt að sjá að foreldrar eru yfir meðallagi ánægðir með hraða úrvinnslu skólans í eineltismálum og með eineltisáætlun skólans. Greina þarf betur þætti eins og ánægju foreldra með hversu vel skólinn mætir þörfum nemenda og hvernig líðan nemenda er í kennslustofum að mati foreldra.

2. Velferð nemenda


Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	3,9	63	-0,8	5,0	2.470	-1,1*
2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	79,1%	53 _{/67}	-1,5%	88,7%	2207 _{/2455}	-9,6%*
2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	87,3%	62 _{/71}	-0,9%	91,5%	2386 _{/2583}	-4,2%
2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	85,9%	61 _{/71}	-5,3%	90,6%	2360 _{/2569}	-4,7%*
2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt	87,0%	60 _{/69}	-1,1%	90,3%	2316 _{/2540}	-3,3%
2.6. Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra	11,4%	8 _{/70}	4,0%	8,9%	215 _{/2548}	2,5%
2.7. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum	52,9%	9 _{/17}	-7,1%	59,5%	216 _{/364}	-6,6%
2.8. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum	64,7%	11 _{/17}	4,7%	55,2%	202 _{/357}	9,5%
2.9. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	84,9%	45 _{/53}	1,3%	82,3%	1301 _{/1548}	2,6%
2.10. Meðaltímabil eineltis	1,7	17	0,1	1,4	401	0,3
2.11. Staðir innan skólans sem einelti á sér stað	-	17	-	-	-	-

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með samskipti starfsfólks skólans við barnið þitt?




83,1% foreldra eru mjög ánægðir eða frekar ánægðir með samskipti umsjónarkennara við barnið sitt en 16,9 eru frekar óánægðir eða mjög óánægðir með samskipti umsjónarkennara við barnið sitt.

2.2.1 Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með hvernig skólinn kemur til móts við þarfir barnsins?*




79,1% foreldra eru mjög ánægðir eða frekar ánægðir með hvernig skólinn kemur til móts við þarfir barnsins en 20,9% foreldra eru frekar óánægðir eða mjög óánægðir með þennan þátt.


Hversu vel eða illa telurðu að barninu líði almennt...



Hversu vel eða illa telurðu að barninu líði almennt...




Hversu vel eða illa telurðu að barninu líði almennt...




Meirihluti foreldra telur að börnunum sínum líði vel innan veggja skólans en þó eru einstaka einstaklingar sem telja að börnunum sínum líði ekki vel og það þarf að skoða.


2.6.1 Hefur barnið þitt orðið fyrir einelti í skólanum?




2.7.1 Hvernig fannst þér tekið á eineltinu af hendi skólans?



2.8.1 Hve fljótt fannst þér brugðist við eineltinu af hálfu skólans?



2.9.1 Telur þú að unnið sé vel eða illa eftir eineltisáætlun skólans?



27% foreldra telja að barnið sitt hafi orðið fyrir einelti á skólaárinu eða fyrir um tæpu ári en 63% telja að svo sé ekki. Almennt fannst foreldrum frekar fljótt eða mjög fljótt brugðist við eineltinu af hálfu skólans og að frekar vel sé farið eftir eineltisáætlun skólans. Að mati skólustjórna er hlutfall þeirra sem telja barnið sitt verða fyrir einelti of hátt og ljóst er að bregðast verður við því.

4.2.1 Úrbótaáætlun í tengslum við vellíðan nemenda


Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat
Að draga úr einelti.	Virkja samskiptateymi skólans	Skólustjórndur, samskiptateymi	2020	Aldrei	Skólapúls
	Fræðsla og samtöl við nemendur	Stjórndur, umsjónarkennarar, stoðþjónusta og heimilin.	2020	Aldrei	Skólapúls

4.3 Aðstaða og þjónusta

Í þessum lið er fjallað um aðstöðu og þjónustu innan skólans. Á töflunni hér fyrir neðan má sjá að mötuneytið spilar þar stóran þátt í óánægju foreldra.

3. Aðstaða og þjónusta

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	4,5	68	0,4	5,5	2.533	-1,0*
3.2. Ánægja foreldra með tómtundaþjónustu	4,3	37	-0,5	5,0	1.599	-0,7*
3.3. Hlutfall nemenda í tómtundaþjónustu/frístundaheimili	58,8%	40 _{/68}	-0,0%	63,5%	1693 _{/2508}	-4,7%
3.4. Ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki tómtundaþjónustu	-	27	-	-	-	-
3.5. Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti	54,2%	26 _{/48}	-1,0%	76,3%	1800 _{/2281}	-22,1%*
3.6. Notkun á mötuneyti	74,3%	52 _{/70}	-11,0%	91,3%	2369 _{/2572}	-17,0%*
3.7. Ástæður þess að nemendur nýta ekki mötuneyti	5,6%	1 _{/18}	5,6%	4,8%	13 _{/201}	0,8%



Árið 2015 hefur ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti farið mjög lækkandi og hefur skólanum ekki tekist að auka ánægju foreldra með þennan lið síðustu 5 árin. Þetta er atriði sem stjórnendur skólans verða að taka til verulegrar skoðunar.

4.3.1 Úrbótaáætlun í tengslum við aðstöðu og þjónustu

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat
Efla gæði hráefnis í mötuneyti	Setja fram stefnu varðandi hráefni	Skólastjórnendur	2020	Aldrei	Skólapúls
Að efla mötuneyti skólans	Lesið yfir matseðla mánaðarins og gera athugasemdir ef einhverjar eru	Skólastjórnendur, heilsuefningarteymi	2020	Aldrei	Skólapúls


4.4 Foreldrasamstarf

Í þessum lið er fjallað um foreldrasamstarf. Að mati foreldra hafa kennarar í BES meira frumkvæði að foreldrasamstarfi heldur en gengur og gerist á landsvísu. Foreldrum þykir þeir hafa þátttöku í gerð námsáætlunum með nemandanum og sjá mikilvægi þess. Hins vegar finnst foreldrum að skólinn gæti gert betur í að leyfa foreldrum að hafa áhrif á ákvarðanir varðandi nemendur og að meira tillit sé tekið til tillagna og ábendinga frá foreldrum. Foreldrar vilja vera betur upplýstir um stefnu skólans og námskrá og þeir eru ekki ánægðir með heimasíðu skólans.


4. Foreldrasamstarf

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	5,3	62	0,1	5,0	2.478	0,3
4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	52,7%	29 _{/55}	-16,0%	62,0%	1418 _{/2189}	-9,3%*
4.3. Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina	52,3%	23 _{/44}	-8,4%	69,6%	1350 _{/1895}	-17,3%*
4.4. Þættir í skólasterfinu sem foreldrar hafa áhrif á	-	49	-	-	-	-
4.5. Þættir í skólasterfinu sem foreldrar vilja hafa meiri áhrif á	-	54	-	-	-	-
4.6. Ánægja með síðasta foreldraviðtal	86,2%	50 _{/58}	-6,3%	95,0%	2361 _{/2488}	-8,8%*
4.7. Málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali	-	64	-	-	-	-
4.8. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum	61,5%	32 _{/52}	1,2%	59,7%	1318 _{/2219}	1,8%
4.9. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra	89,3%	50 _{/56}	-1,0%	88,4%	1806 _{/2056}	0,9%
4.10. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	66,7%	40 _{/60}	-10,9%	81,7%	1998 _{/2448}	-15,0%*
4.11. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	65,7%	46 _{/70}	7,5%	75,6%	1957 _{/2522}	-9,9%*

4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi – Ársmeðaltöl



4.11. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá – Ársmeðaltöl



4.4.1 Úrbótaáætlun í tengslum við foreldrasamstarf


Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat
Að efla foreldrasamstarf	Þjóða uppá fræðslu fyrir foreldra og fundi með skólastjórnendum og öðru starfsfólki.	Skólastjórnendur, umsjónarkennarar, stoðþjónusta.	2020	Aldrei	Skólapúls
	Leita til foreldra í auknum mæli varðandi tillögur og ábendingar hvað varðar umbætur í skólastarfi.	Stjórnendur	2020	Aldrei	Skólapúls
	Auka gæði foreldraviðtala með fræðslu og leiðbeiningum til kennara.	Stjórnendur	2020	Aldrei	Skólapúls

4.5 Heimastuðningur

Foreldrar voru spurðir hvort þeim þyki heimavinna barnsins of mikil, hæfileg eða of lítil. Virkni foreldra í námi barna sinna er lítillega minna en gerist á landsvísu sem helst í hendur við vilja nemenda að leita eftir þátttöku foreldra sinna í náminu.

5. Heimastuðningur

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna	4,9	63	-0,1	5,0	2.523	-0,1
5.2. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	4,4	62	-0,1	4,6	2.506	-0,2
5.3. Hæfileg heimavinna að mati foreldra	57,9%	33 _{/57}	-12,3%	76,9%	1693 _{/2205}	-19,0%*
5.4. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	60,0%	33 _{/55}	1,5%	60,2%	1434 _{/2388}	-0,2%
5.5. Væntingar foreldra um háskólanám	55,3%	26 _{/47}	-11,8%	72,5%	1357 _{/1848}	-17,2%*
5.6. Væntingar foreldra um iðnnám	19,1%	9 _{/47}	2,7%	15,1%	267 _{/1848}	4,0%



Um 60% foreldra nemenda í BES þykir heimavinna vera hæfileg en þetta hlutfall er í kringum 80% á landsvísu.

4.5.1 Úrbótaáætlun í tengslum við heimastuðning

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat
Að efla heimastuðning	Þjóða uppá fræðslu fyrir foreldra.	Skólastjórnendur, umsjónarkennarar, stoðþjónusta.	2020	Aldrei	Skólapúls
Draga úr heimavinnu	Tryggja nemendum nægilegan tíma til náms innan tímaramma skólans.	Stjórnendur, umsjónarkennarar, stoðþjónusta.	2020	Aldrei	Skólapúls

5.0 Ytra mat

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri fór í gegnum ytra mat skólaárið 2018-2019 og í kjölfarið var gerð umbótaáætlun sem gefin var út í mars 2019. Í þessum kafla verður farið yfir hvaða þættir eru komnir til framkvæmda og hvaða þættir eru á áætlun.

5.1 Stjórnun og fagleg forysta

Á skólaárinu 2019-2020 var hafist handa við gerð skólanámskrár sem ætlað var að skerpa á vinnu kennara í hverri námsgrein, gera markmiðin skýr og auðlæsilegri fyrir nemendur, foreldra og alla aðila skólasamfélagsins. Áætlanir stóðu til að vinnan myndi klárast á skólaárinu og að unnið yrði eftir nýrri skólanámskrá á skólaárinu 2020-2021 en það hafðist ekki og verður haldið áfram með vinnuna næsta skólaár.

Farið var af stað með teymiskennslu í stærðfræði á unglingastigi á skólaárinu og tókst það ágætlega til en þó var ákveðið að næsta skólaár yrði stærðfræði kennd í bekkjum í teymisvinnu. Íslenskukennarar reyndu sig áfram í teymisvinnu/kennslu í íslensku og tókst það vel til og verður haldið áfram næsta skólaár.

Í ytra mati var rætt um upplýsingaflæði milli starfsstöðva og reynt var að bregðast við því en það

reyndist þó að sumu leyti erfitt vegna samkomutakmarkana og sóttvarnareglna í kjölfar covid-19 heimsfaraldursins. Stjórnendur voru þó meðvitaðir um þennan lið. Ráðinn var inn forfallakennari í nóvember 2019 þar sem þörfin fyrir afleysingakennara hafði síst verið minni en síðustu ár. Kom það til m.a. vegna veikinda en einnig vegna kennara í námi sem þurftu svigrúm til síns náms.

5.2 Nám og kennsla

Þessi liður er í sífelldri þróun á hverju skólaári. Vinna við skólanámskrá hófst og kennsluáætlanir til samræmis við skólanámskrár gerðar eins nákvæmt og hægt var miðað við framgöngu í gerð skólanámskrár. Nemendur á unglingastigi fengu tvo tíma í töflu í aukið val, vali sem var stýrt og það bundið. Áhersla var lögð á að bjóða upp á val sem hvetur nemendur til hreyfingar, svo sem skólahreysti. Kennarar nýttu sér í auknum mæli að nota Google Classroom ásamt Microsoft Teams.

5.3 Innra mat

Sjálfsmatsskýrsla sem þessi er liður í innra mati skólans ásamt könnunum á vegum Skólapúlsins og Rannsóknar og greiningar. Skólapúlsinn gefur ágæta mynd af líðan nemenda og gefur innsýn inn í álit nemenda, foreldra og starfsmanna á skólastarfið. Skólaárið 2019-2020 var ekki gerð starfsmannakönnun en stór hluti skýrslu þessarar eru niðurstöður nemendakönnunar og foreldrakönnunar.

5.4 Skóli án aðgreiningar

Á hverju skólaári gerir deildarstjóri stoðþjónustu, í samstarfi við aðra stjórnendur, heildstæða áætlun um þörf á stuðningi og stoðþjónustu við nemendur. Nemendur vinna auk þess með umsjónarkennurum sínum að markmiðasetningu fyrir skólaárið.

6.0 Samantekt

Við gerð þessarar sjálfsmatsskýrslu kemur í ljós að margt má bæta og eru þegar komnar áætlanir um umbótastarf næsta skólaár. Ráðist verður í vinnu við stefnu skólans þar sem skólasýn Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri verður markvisst tekin fyrir meðal allra hagsmunaaðila skólans. Þar eru taldir stjórnendur, kennarar og aðrir starfsmenn, nemendur, foreldrar og samfélagið í heild. Haldið verður áfram með vinnu við skólanámskrá og teymiskennsla fær aukið vægi í skólastarfinu, sérstaklega hvað varðar unglingastigið.